

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1914.

Opið brjef, um að Hans konunglega tign Haraldur, prins af Danmörku, sje settur ríkisstjóri, undirskrifað af konungi 6. janúar 1914 (A. nr. 1, bls. 3).

Konungleg auglýsing, um að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 10. janúar 1914 (A. nr. 2, bls. 3).

Bráðabirgðalög, um viðauka við lög nr. 25, 11. júlí 1911, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum skipum, undirskrifuð af konungi 2. mars 1914 (A. nr. 3, bls. 4).

Opið brjef, er stefnir saman alþingi til aukafundar 1. júlí 1914, undirskrifað af konungi 20. apríl 1914 (A. nr. 4, bls. 5).

Konungsbrjef, um setning alþingis, undirskrifað af konungi 22. apríl 1914 (A. nr. 5, bls. 5).

Opið brjef, um að Hans konunglega tign Haraldur, prins af Danmörku, sje settur ríkisstjóri, undirskrifað af konungi 7. maí 1914 (A. nr. 6, bls. 6).

Reglugjörð fyrir veðdeild Landsbankans í Reykjavík, um útgáfu á 4. flokki (seríu) bankavaxtabryjefa samkvæmt lögum nr. 51, 10. nóvember 1913, staðfest af ráðherranum 7. maí 1914 (A. nr. 7, bls. 6—12).

Konungleg auglýsing, um að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 27. maí 1914 (A. nr. 8, bls. 13).

Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Hafnarfirði um innflutning á hundi.

56

Stjórnarráðinu hefir borist beiðni frá Þórarni Egilsson kaupmanni í Hafnarfirði, um að honum verði leyft að flytja í land í Hafnarfirði hund af hollenskum botnvörpungi.

Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál, hefir stjórnarráðið samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóv. 1905, sbr. lög nr. 25, 9. júlí 1909, veitt leyfi til þessa með eftirfarandi skilyrðum:

- 1) að dýralæknir skoði hundinn áður en hann er fluttur í land og hafi ekkert við heilbrigði hans að athuga, og
- 2) að hundinum sje haldið í sóttkví, svo að hann komi ekki saman við aðra hunda, undir umsjón dýralæknis í 8 daga, og að hann eftir þann tíma reynist að öllu leyti heilbrigður.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, að því viðbættu, að nefndum kaupmanni hefir verið tilkynnt þetta hjedan.